

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör útvarpsstjóra

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun útvarpsstjóra heyrir undir kjararáð.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var útvarpsstjóra tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var útvarpsstjóra gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og stjórn Ríkisútvarpsins ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör útvarpsstjóra.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk útvarpsstjóri sent bréf fjármálaráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Engar athugasemdir bárust.

Með bréfum dagsettum 26. mars 2013 var útvarpsstjóra og stjórn Ríkisútvarpsins ohf. gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum í tilefni af gildistöku nýrra laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr. 23/2013.

Í bréfi stjórnarinnar dagsettu 8. apríl 2013 segir að engin ný sjónarmið hafi komið upp varðandi starfssvið útvarpsstjóra við lagasetninguna.

Með bréfi dags. 15. maí 2013 fékk útvarpsstjóri sent bréf stjórnarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þess. Engar athugasemdir bárust.

III.

Ríkisútvarpið ohf. starfar samkvæmt lögum nr. 23/2013 og er sjálfstætt opinbert hlutfélag í eigu íslenska ríkisins. Fjallað er ítarlega um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins ohf. í II. kafla laganna. Kveðið er á um almenna skyldu um fjölbreytta dagskrá og að útsendingar nái til allra landsmanna, fjallað er um lýðræðis- og menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins og um starfshætti. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum segir að megináhersla sé lögð á hlutverk Ríkisútvarpsins við fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Af þeirri áherslu leiði að samkeppnissjónarmið í starfseminni verði víkjandi, þ.e. að meginstarfsemin (þ.e. fjölmiðlaþjónusta í almannabágu) taki ekki mið af

viðskiptalegum sjónarmiðum heldur hafi lýðræðis-, menningar- og samfélagslegt hlutverk Ríkisútvarpsins forgang. Segir að gerð verði skýr aðgreining milli fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og annarrar starfsemi, meðal annars til að varna því að viðskiptaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvarðanir um dagskrárefni.

Í III. kafla laganna er fjallað um stjórnskipulag Ríkisútvarpsins ohf. Mennta- og menningarmálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Hana skulu skipa sjö menn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum Ríkisútvarpsins á milli aðalfunda. Hún ber ábyrgð á rekstri þess og að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannabágu séu uppfyllt. Starfssvið stjórnarinnar er nánar skilgreint í lögnum en þar má nefna að hún skal móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma. Stjórnin ræður útvarpsstjóra og tekur að öðru leyti allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins. Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri félagsins og skal ráðinn til fimm ára í senn og er heimilt að endurráða hann einu sinni. Hann hefur daglegan rekstur með höndum og er jafnframt æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar. Útvarpsstjóri ræður aðra starfsmenn. Útvarpsstjóri skal uppfylla hæfisskilyrði samkvæmt 5. mgr. 9. gr. laganna. Skal hann því uppfylla hæfi samkvæmt 66. gr. laga um hlutafélag nr. 2/1995 með síðari breytingum. Hann má ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Ríkisútvarpsins.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal útvarpsstjóra. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað útvarpsstjóra laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum

fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögunum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá útvarpsstjóra hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Um leið fækkar mánaðarlegum einingum að sama skapi. Heildarlaun eru því óbreytt.

Fyrri ákvörðun kjararáðs um aukastörf útvarpsstjóra skal óbreytt standa.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör útvarpsstjóra.

Laun og starfskjör útvarpsstjóra skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun útvarpsstjóra vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 845.205 krónur. Að auki skal greiða honum 54 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi útvarpsstjóri haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili útvarpsstjóra greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör útvarpsstjóra gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson